



Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1 Vörukenni:** **LBO 220C**
Vörunúmer: **2010 LBO220C**
- 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:**
Viðeigandi notkun Smurolía fyrir legur.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi, sjá hér að ofan.
- 1.3 Söluaðili:** **N1** **Framleiðandi:** Caldo Oils Ltd.
Dalvegur 10-14 Worsley Brow, St.Helens,
201 Kópavogur WA9 3EZ, Bretland
Sími: 535 9000 +44-1744 813535
Netfang: n1@n1.is info@caldo.co.uk
Veffang: www.n1.is www.caldo.co.uk
- 1.4 Neyðarsímanúmer:** Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

- 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:**
Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):
Hefur ekki verið flokkað.
Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum). (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum):
Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.
- 2.2 Merkingaratriði:**
Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):
Ekki er krafist merkinga á vörunni.
- Hættutákn** Engin
Viðvörðunarorð Ekkert
Hættusetningar Engar
Varnaðarsetningar P102 Geymist þar sem börn ná ekki til.
P101 Ef leita þarf læknis skal hafa umbúðir eða umbúðamerkingar tiltækar.
- 2.3 Aðrar hættur:**
Affitar húð.
Þessi vara er ekki talin sérlega hættuleg heilsu en ætti að meðhöndlast í samræmi við öryggiskröfur og góðar vinnuvenjur.
Athugið þó að sé vörunni sprautað undir húð við háan þrýsting, telst það til neyðartilvika og krefst læknishjálpar þegar í stað.
Sjá einnig lið 4. - Ráðstafanir í skyndihjálpi.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

- 3.1 Efni:** Á ekki við.
- 3.2 Blöndur:** Blanda af mikið leysiefnahreinsuðum grunnólum og bætandi aukefnum.
Ekkert innihaldsefna er til staðar í nægilegu magni til að krafist sé hættuflokkunar samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun	Innöndun gufu eða úða veldur ertingu í nefi eða koki. Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Sjáið til þess að hinn slasaði eigi sem auðveldast með öndun. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við einkenni. Athugið að innsprautun undir húð við háan þrýsting krefst umsvifalausrar læknishjálpar.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í nokkra stund og haldið augum vel opnum, lyftið augnlokum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni verði vart við ertingu eða roða..
Inntaka	Inntaka er ólíkleg nema af ásettu ráði. Skolið munn með vatni. Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Sé hinn slasaði með meðvitund, má gefa lítið magn vatns að drekka. Sjáið til þess að hinn slasaði eigi auðvelt með öndun. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Einkenni við snertingu geta verið: Affitun, erting, þurrkur, sprungumyndun. Erting í nefi og koki.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum og ætti að miðast við að lina þau.
Ásvelging er ólíkleg nema sem afleiðing inntöku, og uppkasta meðvitundarlítils eða -lauss sjúklings. Bráð einkenni eru af völdum ásvelgingar súrs innihalds maga. Við ásvelgingu ber að flytja sjúkling strax á bráðamóttöku.

Athugið:	Sé vörundi sprautað undir húð við háan þrýsting, telst það til neyðartilvika og krefst læknishjálpar þegar í stað. Skaði virðist etv. minni háttar fyrst í stað, en innan fárra klukkustunda bólgna vefir og mislitast með miklum sársauka og drepi undir húðinni. Skurðaðgerðar eða athugunar er þörf þegar í stað. Nauðsynlegt er að fjarlægja skaddaða vefi í og við sárið, til þess að lágmarka skaða og koma í veg fyrir varanlegt heilsutjón. Athugið að hár þrýstingur getur valdið því að varan berst nokkra leið samsíða legu vefja.
-----------------	--

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, alkóhólpólin froða, slökkviduft, vatnsúði.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli. Beinið ekki vatnsgeisla beint inn í logandi flát til að forðast suðusprengingu.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Myndar kolefnisoxíð og eitraðar gufur við bruna. Þrýstingur í lokuðum umbúðum vex við upphitun og getur valdið sprengihættu.
Einungis þjálfað slökkvilið með öndunarbúnað ætti að fást við eld í lokuðum rýmum.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Nota má vatnsúða til að kæla umbúðir og verja starfsfólk.
Aðhafist ekkert sem innifelur áhættu fyrir hjálparliða, nema viðeigandi þjálfun sé til staðar.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysin

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Notið viðeigandi persónuhlífar. Losað efni getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í lokuð rými, niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Stöðvið lekann ef það er unnt án áhættu. Færið ílát frá menguðu svæði
Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Notið óbrennanleg
isogsefni svo sem sand eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist myndun og innöndun gufu og úða. Reykið ekki.
Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Mælt er með notkun verndarkrems
á hendur. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur og andlit í vinnuhléum og
er vinnu lýkur. Geymið ekki vætta klúta í vösum. Tæmdar umbúðir geta inni haldið efnaleifar.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður
en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum og merktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum
stað. Hafi umbúðir verið opnaðar, lokið þeim vandlega aftur og gætið þess að þær standi
uppréttar til að forðast leka. Geymið fjarri ósamrýmanlegum efnum, matvælum og beinu
sólarljósi. Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Engar upplýsingar eru fyrirhagjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Jarðolía (úði)		5		10	EH 40

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar
aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir
viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk
gefin upp í þessum lið.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni,
og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að
augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166), sé hætta á úðamyndun.

Húð - hendur

Notið efnahelda hanska (EN 374).

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar. Geymið ekki vætta klúta í vösum.

Notið skófatnað sem hæfir aðstæðum hverju sinni.

Öndunarfæri

Við venjulega notkun eru öndunarhlífar ekki nauðsynlegar. Athugið viðmiðunarmörk, sem
gefin eru upp í lið 8, og veljið öndunarbúnað í samræmi við eiginleika vörunnar og aðstæður
hverju sinni, og í samræmi við lög og reglur.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi - olíukenndur		
Lýkt:	Olíukennd		
Litur:	Gulbrúnn		
Rennslismark:	-30°C		(ASTM D 97)
Blossamark:	246°C		(ASTM D 93)
Eðlismassi:	0,892	g/cm ³	(ASTM D 1298)
Seigja (40°C):	220	mm ² /s	(ASTM D 445)

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin við venjulegar notkunaraðstæður. Ekki hætta á fjölliðun.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Varan er brennanleg.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Myndar kolefnisoxíð, reyk og eitradar gufur við bruna. Þrýstingur í lokuðum umbúðum vex við upphitun og getur valdið sprengihættu.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif:

Innöndun:

Við herbergishita er ólíklegt að hætta sé á innöndun vegna lágs gufuþrýstings. Niðurbrotsefni við hátt hitastig geta valdið ertingu í augum nefi og koki, auk þess sem innöndun getur valdið heilsuskaða.

Inntaka:

Inntaka lítils magns hefur ekki veldur væntanlega ekki skaða. Meira magn getur valdið ógleði og niðurgangi.

Snerting við húð:

Langvinn eða endurtekin snerting affitar húð og getur valdið þurri og sprunginni húð.

Snerting við augu:

Veldur væntanlega aðeins skammvinnu sviða og roða við snertingu.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrið:

Losað efni myndar filmu á vatnsyfirborði, og skaða á lífríki í vatni. Hamlar súrefnisupptöku.

12.2 Stöðugleiki og niðurbrot:

Varan brotnar niður í náttúrunni.

12.3 Uppsöfnun í lífverum:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:

Varan getur dreifst í jarðvegi og mengað grunnvatn.

12.5 PBT/vPvB:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Óhreinar umbúðir

Losið alls ekki í jarðveg og nærri vatnsbólum, skurðum, ám og vötnum.

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Endurvinnið ef unnt er.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur

IMDG:

Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur

IATA:

Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Sjá lið 2, varðandi flokkun og merkingu. Reglugerð EB Nr. 1907/2006, Viðauki XVII.
Merkinga er ekki krafist.

15.2 Efnaöryggismat:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

Engar

Höfð var hliðsjón af eftirfarandi breskum heimildum við samantekt þessa öryggisblaðs:

Approved codes of practice.(HSE:ref:I5)
Personal Protective Equipment at Work Regulations,Guidance on Regulations.(HSE ref:L25)
Waste Management -The Duty of Care, A Code of Practice.
Occupational Exposure Limits.(This publication is revised annually).(HSE ref:EH40)
The Carcinogenicity of Mineral Oils.(HSE ref:EH58)
Health Surveillance of Occupational Skin Disease.(HSE ref: MS24)
Effects of Mineral Oil on Skin.(HSE ref:SHW397)
Skin Cancer Caused by Oil(HSE ref:MS/B/5)
Respiratory Protective Equipment.(HSE ref: HS(G)53)

Frekari upplýsingar um aðgerðir við olíu sem losuð er fyrir slysi:

9/81 Field Guide to Coastal Oil Spill Control and Clean-up Techniques.
10/83 Field Guide to Inland Oil Spill Clean-up Techniques.
Fáanlegt frá CONCAWE, Madouplien 1, B-1030, Brussels, Belgium.

Útgáfa: 1

Dags: 12.05.2014

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkefningi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

CALDO OILS LTD.
HEALTH, SAFETY AND ENVIRONMENTAL DATA SHEET
LBO 100/180/220/460C

Útgáfa:

Mai 2012